

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar, þá ætla ég að fara yfir helstu atriði í dagskránni frá 27 september til dagsins í dag.

Bæjarráð fundaði 29 september og á þann fund komu meðal annars gestir frá hestamannafélaginu Dreyra til að ræða annars vegar þörf á áframhaldandi uppbyggingu reiðvega og hinsvegar byggingu reiðhallar. Einnig komu fulltrúar knattspyrnufélagsins en þeir leggja áherslu á endurnýjun á grasi í knattspyrnuhöllinni og almennt endurbætur á aðstöðu. Einnig komu fulltrúar golfklúbbsins með beiðni um samstarf við uppbyggingu aðstöðu fyrir golfklúbbinn. Á föstudagsmorgninum 30 september átti ég fund með fulltrúum Faxaflóahafna og HB Granda þar sem við fórum yfir málefni sem tengjast gámasvæðinu á Breiðinni og

framtíðarskipulagningu á svæðinu. HB Grandi eignaðist hlut af Breiðinni með kaupum á landi af björgunarsveitinni og slysavarnafélaginu en þau seldu landið sem þau fengu úr Bræðrapartsjóðnum. Það var sameiginlegur skilningur okkar sem sátu fundinn að samráð yrði haft um framvindu mála á svæðinu. Ég fundaði einnig með fulltrúum smábátaeigenda í síðustu viku útaf sama máli en þeir vildu koma sínum skoðunum á framfæri varðandi nýtingu svæðisins og eru tilbúnir að leita leiða til lausnar.

Síðdegis þennan föstudag komu starfsmenn skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í heimsókn, um 30 manns. Þau skoðuðu vitann og fengu svo góðar móttökur í bæjarþingsalnum þar sem við fórum yfir það helsta í starfsemi bæjarins og í velferðarmálum.

Í vikunni á eftir héldum við sameiginlegan vinnufund, Akranes, Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð þar sem við fengum fræðslu og kennslu í One kerfinu, frá þjónustustjóra og sérfræðingi í Mosfellsbæ en þau eru komin einna lengst í þróun og notkun kerfisins af sveitarfélögum á Íslandi. Þetta var mjög góður fundur, við vorum um 30 manns og við stefnum að því að hafa fleiri svona sameiginlega fræðslufundi á svæðinu þar sem það þurfa ekki allir að finna upp hjólið, eins og sagt er.

Haustþing SSV var haldið í Stykkishólmi og við fórum þangað fimm bæjar- og varabæjarfulltrúar ásamt bæjarstjóra. Farið var yfir fjárhags- og starfsáætlun SSV og skýrslu starfshóps um samgöngur á Vesturlandi. Þema fundarins var ferðamál og við fengum innanríkisráðherra og utanríkisráðherra á fundinn ásamt fulltrúa

frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ferðamálastofu. Það sem stendur aðeins upp úr og við þurfum að fylgjast með er ákveðin stefnubreyting í áherslum úthlutunarsjóðs ferðamannastaða. Fyrir árinu voru sveitarfélög fengin til að skila inn verkefnaáætlun sveitarfélagsins í svokallaða landsáætlun og tóku verkefnin mið af því hvað sveitarfélagið hyggst framkvæma í tengslum við aukningu ferðamanna og verndun ákveðinna svæða. Í framhaldinu voru vinnuhópar settir á laggirnar sem unnu að ákveðinni forgangsröðun verkefna í landshlutanum. Verkefni á Snæfellsnesi og í Borgarbyggð og Dölum eru í forgangsröðun hjá þessum hópi og mun sjóðurinn líta til þeirra við úthlutun fjármuna. Sjóðurinn horfir meira til svæða þar sem þarf að tryggja öryggi, bæta úr salernismálum, gerð göngustíga að

náttúruperlum og auknu aðgengi fatlaðra. Þetta er auðvita í takt við umræðuna í Þjóðfélaginu og verndun viðkvæmra svæða.

Á fimmtudeginum byrjaði ég daginn á fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna þeirra áherslna sem við höfum lagt á að þeir skili ekki Innnesveginum nema að undangenginni jarðvegsskiptingu og malbikun á götunni. Samkvæmt lögum þá eiga þeir að skila veginum í lok ársins 2018. Ég skrifaði undir samning við verktakana Pípó og GS Import vegna endurnýjunar á pottasvæði sundlaugarinnar við Jaðarsbakka og vegna Guðlaugar, með fyrirvara.

Sama dag fór ég á sýningu Grundaskóla í Safnaskálanum að Görðum á leikmunum sem skólinn hefur notað í söngleikjum á

undanförnum árum og óskaði skólanum til hamingju með 35 ára afmælið.

Ég fór með nýráðnum sviðsstjóra í heimsókn á alla leikskóla bæjarins á föstudeginum, einnig í tónlistarskólann og í Brekkubæjarskóla til að sýna henni aðstæður og kynna fyrir starfsfólki. Ég átti einnig fund með slökkviliðsstjóra og fleirum um brunavarnir og endaði svo daginn á fundi með formanni Feban þar sem við fórum yfir málefni sem tengjast samskiptum á milli Akraness og Feban.

Á mánudeginum 10 október var sviðsfundur á mánudagsmorgni að venju, en ég fór í Fjöliðjuna fyrir fundinn til að skoða nýja gróðurhúsabyggingu en stjórnendur Fjöliðjunnar leggja mikla áherslu á að klára verkið þannig að það sé hægt að byrja á ræktunarstarfinu í janúar.

Ég tók á móti hugmyndaríkum einstaklingum sem vilja setja jólaverkefni á laggirnar hér á Akranesi og við höldum vinnufund um fjárfestingar með fulltrúum í bæjarstjórn og skipulags- og umhverfisráði ásamt sviðsstjórum.

Ég setti fyrsta fund nýs mannauðsteymis sem er að skipuleggja mannauðsdag 15 nóvember næstkomandi og ég fór á kynningarfund í Borgarnesi á vegum íbúðalánasjóðs um nýju lögin um húsnæðismál.

Bæjarstjórn fundaði 11 október og daginn eftir, þann 12 október hélt Hvalfjarðarsveit boð fyrir bæjarfulltrúa Akraness, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps ásamt því að bjóða bæjar- og sveitarstjórum. Þetta var mjög vel heppnað kvöld. Við skoðuðum Heiðarskóla sem er einstaklega flottur skóli, fengum kynningu á

Bugavirkjun í vestri Leirárgörðum, fórum í hernámssetrið og enduðum á hótél Glym þar sem við fengum kvöldverð og tónlistaratriði.

Í lok vikunnar sinnti ég dómnefndarstörfum ásamt Dýrfinnu Torfa og Sigríði Valdimarsdóttur á Höfða en deildirnar kepptu sín á milli um flottustu skreytingarnar og voru úrslitin gerð kunn á árshátíð Höfða kvöldinu eftir. Glæsilegar skreytingar og búningar og greinilega góð stemning á Höfða.

Ég hóf síðustu vinnuviku á fundi með fulltrúum í starfshópi um húsnæði eldri borgara að Dalbraut 6 en skýrslan var á lokametrunum og var svo kynnt í bæjarráði síðar í vikunni og á fundi hjá stjórn Feban. Við höldum sameiginlegan fund bæjarráðs, bæjarstjórnar og skóla- og frístundaráðs með forsvarsmönnum vélhjólaklúbbsins,

FIMA og ÍA en FIMA og vélhjólaklúbburinn hafa sent inn umsóknir í tengslum við uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða.

Við höfðum óskað eftir því að ÍA færi yfir forgangsröðun verkefna og áttum mjög gott samtál við formann og framkvæmdastjóra félagsins á fundinum auk þess sem þær skiluðu inn greinargerð sem við getum haft til hliðsjónar í þeirri vinnu sem stendur yfir varðandi fjárfestingar 2017 til 2020.

Á miðvikudeginum var fundur bæjarfulltrúa með oddvitum þeirra framboða í Norðvestur kjördæmi sem hafa fengið yfir 5 % atkvæða í skoðanakönnunum en markmiðið með fundinum var að kynna fyrir þeim helstu málefni sem brenna á okkur hér á Akranesi og tengjast ríkisvaldinu. Þetta var góður fundur og fínar umræður.

Ég hef ekki minnst á fundi með samráðshópi ríkis og sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga en að sjálfsgöðu hef ég fundað nokkrum sinnum um það mál á tímabilinu. Til dæmis á föstudagsmorguninn síðasta og í gær voru þrjár fundir um málefnið, þeim síðasta lauk í fjármálaráðuneytinu klukkan átta í gærkveldi. Fundur er ennfremur boðaður í fyrramálið, klukkan korter í átta. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef við náum ekki saman núna, fyrir kosningar, þá er hætt á að málið tefjist enn frekar. Núna snýst þetta um prósentur, þ.e. hvað ætlar ríkið að taka háa prósentu af lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila á sig, og hvað ætlar það að skilja mikið eftir fyrir okkur. Til að setja mikilvægi þessa máls í samhengi þá eru lífeyrisskuldbindingar sveitarfélaga vegna hjúkrunarheimila

gróflega áætlaðar 3,2 milljarðar og af þeirri
upphæð eigum við á Akranesi einn milljarð.
Við sjáum hvað setur í þessu máli. Takk fyrir
góða áheyrn.